

Samningur Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands vegna greiðslu- og uppgjörskerfa

Fjármálaeftirlitið og Seðlabanki Íslands, hér eftir nefndir samningsaðilar, gera með sér eftirfarandi samstarfssamning vegna eftirlits með greiðslu- og uppgjörskerfum.

Samningur þessi er gerður í samræmi við 15. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, og 35. gr. laga nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands. Er samningnum ætlað að vera til frekari fyllingar samstarfssamningi samningsaðila frá 28. mars 2003 hvað varðar eftirlit með greiðslumiðlun og greiðslukerfum.

Samningurinn varðar samstarf samningsaðila við eftirlit en hefur ekki áhrif á skyldur samningsaðila að öðru leyti samkvæmt lögum eða samningum.

1. Markmið samningsins

Markmið samningsins eru eftirfarandi:

- Að stuðla að skilvirkni og öryggi greiðslu- og uppgjörskerfa.
- Að verkaskipting og ábyrgð samningsaðila sé skýr og komið sé í veg fyrir tvíverknað.
- Að ekki sé dregið úr ábyrgð rekstraraðila greiðslu- og uppgjörskerfa að tryggja að kerfin uppfylli þær kröfur sem til þeirra eru gerðar.

2. Lögbundið hlutverk samningsaðila vegna greiðslu- og uppgjörskerfa

Samkvæmt 4. gr. laga nr. 36/2001 sinnir *Seðlabanki Íslands* viðfangsefnum sem samrýmast hlutverki hans sem seðlabanka, þ.á m. að stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi, þ.m.t. virku greiðslukerfi í landinu og við útlönd. Samkvæmt 38. gr. sömu laga er Seðlabanki Íslands heimilt að setja reglur um viðfangsefni sín, m.a. greiðslu- og uppgjörskerfi. Samkvæmt 3. gr. laga nr. 90/1999, um öryggi greiðslufyrirmæla í greiðslukerfum, gerir Seðlabanki Íslands tillögu til viðskiptaráðherra um hvaða greiðslukerfi skuli viðurkennd.

Fjármálaeftirlitið skal skv. 8. gr. laga nr. 87/1998 fylgjast með að starfsemi eftirlitsskyldra aðila sé í samræmi við lög, reglugerðir, reglur eða samþykktir sem um starfsemina gilda og að starfsemin sé að öðru leyti í samræmi við heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti.

3. Verkaskipting samningsaðila vegna eftirlits

Seðlabanki Íslands annast kerfislægt eftirlit (e. oversight) með starfsemi greiðslu- og uppgjörskerfa að því er varðar öryggi þeirra, skilvirkni og hagkvæmni.

Fjármálaeftirlitið annast eftirlit (e. supervision) með framkvæmd einstakra þátttakenda í greiðslu- og uppgjörskerfum á reglum sem um þau kerfi gilda. Fjármálaeftirlitið fylgist með áhættu hvers þátttakanda, þ.e. hvernig áhættustýringu og innra eftirliti er háttað til að tryggja að farið sé eftir þeim reglum sem gilda innan kerfanna.

4. Tilkynningar, upplýsingaöflun og upplýsingaskipti samningsaðila

Samningsaðilar eru sammála um að aðgangur að upplýsingum sé nauðsynlegur til að þeir geti sinnt skyldum sínum samkvæmt lögum og samningi þessum.

Samningsaðilar skulu gera hvor öðrum grein fyrir verði þeir þess áskynja að brotið hafi verið gegn þeim reglum sem gilda innan greiðslu- og uppgjörskerfanna.

Samningsaðilar munu eftir því sem kostur er samræma upplýsingaöflun í tengslum við eftirlit með þeim greiðslu- og uppgjörskerfum og þátttakendum þeirra sem samningur þessi nær til.

Samningsaðilar munu eftir því sem kostur er skiptast á upplýsingum sem þýðingu hafa varðandi eftirlit með greiðslu- og uppgjörskerfum.

Upplýsingar þær sem hvor samningsaðila veitir hinum í samræmi við samning þennan eru háðar þagnarskyldu lögum samkvæmt.

5. Annað

Samning þennan skal taka til endurskoðunar óski annar samningsaðila þess.

Samningur þessi öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 28. mars 2003

Fjármálaeftirlitsins:

Seðlabanka Íslands: